

STJÓRNARTÍÐINDI B 112 – 1995

Nr. 614

1568

22. nóvember 1995

SAMÞYKKT

um afgreiðslu byggingarfulltrúans í Reykjavík á tilteknum verkefnum
án staðfestingar byggingarnefndar.

1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík afgreiðir, án staðfestingar byggingarnefndar, eftirtalin verkefni:

1. Teikningar vegna brunamála.
2. Teikningar vegna minni háttar útlits- og innréttingabreytinga.
3. Teikningar vegna minni háttar breytinga sem verða á mannvirki við framkvæmd.
4. Umsóknir um uppsetningu girðinga.
5. Umsóknir um trjáfellingar.
6. Útgáfu framkvæmdaleyfis.
7. Viðurkenningu iðnmeistara.
8. Númerabreytingar á lóðum.

2. gr.

Framangreindar afgreiðslur byggingarfulltrúa skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi byggingarnefndar og bókaðar í fundargerð og hljóta afgreiðslu borgarstjórnar með sama hætti og samþykktir byggingarnefndar.

Synji byggingarfulltrúi um afgreiðslu máls skulu þó líða a.m.k. 14 dagar þar til hann leggur málið fram í byggingarnefnd.

3. gr.

Um afgreiðslu byggingarfulltrúa, skv. samþykkt þessari, gilda ákvæði III. og IV. kafla byggingarlaga nr. 54/1978 eftir því sem við á.

4. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa er honum heimilt að skjóta máli sínu til afgreiðslu byggingarnefndar, enda hafi málið eigi þegar verið lagt fram í nefndinni. Hann getur einnig skotið máli sínu til úrskurðar umhverfisstjórnar, sbr. 7. mgr. 8. gr. byggingarlaga.

5. gr.

Ofangreind samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur sem gerð er samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 82/1994, um reynslusveitarfélög, staðfestist hér með samkvæmt 2. mgr. sömu greinar, sbr. og 16. gr. laganna, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1996 og gildir til og með 31. desember 1999.

Umhverfisstjórnuneytið, 22. nóvember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

Gutenberg